

## 1986 nr. 24 7. maí

### [Lög um skiptaverðmæti]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 44/2013, 4. gr.

Tóku gildi 12. maí 1986. Breytt með l. 93/1986 (tóku gildi 1. jan. 1987), l. 21/1987 (tóku gildi 14. apríl 1987 nema 2. gr. sem tók gildi 1. júní 1987; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 4. gr.), l. 45/1992 (tóku gildi 10. júní 1992), l. 79/1994 (tóku gildi 30. maí 1994), l. 84/1995 (tóku gildi 21. júní 1995), l. 80/1997 (tóku gildi 1. jan. 1998), l. 88/2002 (tóku gildi 23. maí 2002), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brábkv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og l. 44/2013 (tóku gildi 1. jan. 2014).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfrasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

#### I. kaffli. Um skiptaverðmæti sjávararfla.

##### ■ 1. gr.

□ [Pegar afli fiskiskipa er seldur óunninn hérlandi er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta og aflaverðlauna 75% af því heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir hann. [Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afta í þessu sambandi kostnað við kaup á veiðileiðnum.]<sup>1)</sup> Þessi hlutfallstala skal hækka eða lækka við breytingar á verði gasolíu til fiskiskipa með hliðsjón af því gasolíuverði í birgðum olíufélaganna sem olíuverðsákvörðun miðast við hverju sinni. Skiptahlutfallið skal hækka um eitt prósentustig fyrir hverja 12 Bandaríkjadalalækkun á birgðaverði gasolíu niður fyrir 109 Bandaríkjadalalí á tonn fob en lækka um eitt prósentustig fyrir hverja 12 Bandaríkjadalalækkun á birgðaverði gasolíu umfram 133 Bandaríkjadalalí á tonn fob. Skiptaverðmæti aflans skal þó aldrei vera lægra samkvæmt þessari grein en 70% af heildarverðmæti. Breytingar á gasolíuverði til fiskiskipa skulu miðast við mánaðamót. ]<sup>2)</sup>

□ Frá og með 1. júní 1987 skal skiptaverðmæti skv. 1. málsl. 1. mgr. hækka í 76% af heildaraflaverðmæti. Frá sama tíma breytist viðmiðun til lækkunar skiptaverðmætishlutfalls skv. 3. málsl. 1. mgr. á þann hátt að hlutfallstalam lækki um eitt prósentustig fyrir hverja 12 Bandaríkjadalalækkun á birgðaverði gasolíu umfram 145 Bandaríkjadalalí á tonn fob.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 79/1994, 10. gr. <sup>2)</sup> L. 21/1987, 1. gr.

##### ■ 2. gr.

□ Þegar fiskiskip siglir með ísfisk til sölu í erlendri höfn er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta, aflaverðlauna og auka-aflaverðlauna 64% af því heildarverðmæti (brúttósöluverðmæti) sem útgerðin fær fyrir hann. Þetta hlutfall skal þó vera 70% þegar fiski er landað til bræðslu erlendis.

##### ■ 3. gr.

□ [Pegar afli fiskiskips er fluttur ísaður í kössum með öðru skipi til sölu á erlendum markaði skal draga frá heildarverðmæti flutningskostnað, erlenda tolla og kostnað við söluna er-

lendis annan en umboðslaun. Skiptaverðmæti skal vera 76% af þannig ákveðnu söluverði með þeim breytingum til hækunar eða lækkunar sem kveðið er á um í 1. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 21/1987, 2. gr.

##### ■ 4. gr.

□ [Pegar seldur er afli fiskiskips sem frystir bolfish um borð, heilan eða flakaðan, er skiptaverðmætið 74,5% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta skiptahlutfall skal þó vera 69% af cif-verðmætinu sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

□ Þegar seldur er afli fiskiskips sem frystir rækju um borð er skiptaverðmætið 71,5% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta hlutfall skal þó vera 66% af cif-verðmætinu sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

□ Skiptahlutfallið skal hækka eða lækka um hálftrónum prósentustig fyrir hvert eitt prósentustig sem skiptahlutfallið breytist til lækkunar eða lækkunar skv. 1. og 2. mgr. 1. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 21/1987, 3. gr.

##### II. kaffli. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 44/2013, 1. gr.

##### III. kaffli. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 93/1986, II. gr.

##### IV. kaffli. . . .

##### V. kaffli. . . .

#### VI. kaffli. Um reglugerð og gildistöku.

##### ■ 16. gr.

□ [Ráðherra setur nánari reglur<sup>1)</sup> um framkvæmd laga þessara.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 147/1998. <sup>2)</sup> L. 44/2013, 2. gr.

##### ■ 17. gr.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra til fiskafila og sjávarfurðaframleiðslu frá og með 15. maí 1986. . . .

##### ■ 18. gr.

□ [Brot á 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. varðar sektum nema þyngrí refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. . . .]<sup>1)</sup><sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 233. gr. <sup>2)</sup> L. 79/1994, 11. gr.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

##### ■ I.

##### □ . . .

□ [Eignum Styrktar- og lánsjóðs fiskiskipa og Framkvæmdasjóðs, sem verið hafa í vörsu Fiskveiðasjóðs, skal varið til rannsóknar á kjörhæfni veiðarfæra og áhrifum þeirra á lífríki sjávar. Skal ráðherra semja við fjármálastofnanir um varðveislu og innheimtu verðbréfa sjóðanna.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 80/1997, brábkv.

##### ■ [II. . . .]<sup>1)</sup><sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> 5. mgr. ákvæðisins, sbr. l. 44/2013, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 44/2013, 3. gr.